

Umhverfisstofnun
Áb. <u>SF</u>
04 JUNI 2004
<u>54.55</u>
Tilv. <u>UST20040500161</u>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environmental and Food Agency of Iceland

Stofnun umhverfis og matar
B-100 Reykjavík, Ísland

Í (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

2. júní 2004

Tilvísun: UST20040500161/sf

Fjarðaál, losun jarðvegs á land Hólma í Fjarðabyggð. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að fjarlægja verður 1.265.000 m³ af yfirborðsjarðvegi á lóð álversins á Reyðarfirði í stað 790.000 m³ eins og áður var áætlað og fyrirhugað var að koma fyrir á iðnaðarlóðinni. Samkvæmt tilkynningunni er gert ráð fyrir að 265.000 m³ verði nýttir á iðnaðarlóðinni en allt að 1.000.000 m³ verði komið fyrir á um 23 ha svæði í landi Hólma, austan við iðnaðarsvæðið. Gerður verður vinnuvegur frá iðnaðarlóðinni til austurs að fyrirhuguðu haugsetningarsvæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Gróður

Í tilkynningu um framkvæmdina er vísað til rannsóknar Náttúrustofu Austurlands á gróðri sem fram fór sumarið 1998 í tengslum við mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar rannsóknir eru engin sjaldgæf eða óvenjuleg gróðurlendi á rannsóknarsvæðinu en gróðurfarið er þó mjög fjölbreytt hvað varðar háplöntutegundir. Þær tegundir háplantna, flétta og mosa sem fundust eru hvorki á valista né friðaðar samkvæmt lögum en ýmsar háplöntutegundir á svæðinu hafa þó takmarkaða útbreiðslu á Íslandi.

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um gróður kemur fram að það votlendi sem finnst á rannsóknarsvæðinu er óraskað. Bent er á að óraskað votlendi hefur náttúruverndargildi enda hefur votlendi hér á landi víða verið ræst fram á undanförunum áratugum. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að votlendið á fyrirhuguðu haugsetningarsvæði er um 5 ha að flatarmáli. Bent er á að til mótvægis mætti til dæmis fylla upp í skurði í túnnum austan við bæinn Hólma og endurheimta þannig votlendi. Slík aðgerð færi fram í samstarfi við Fjarðabyggð og umhverfisyrirvöld.

Umhverfisstofnun telur miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar ekki líklegt að fyrirhuguð losun jarðvegs í landi Hólma í Fjarðabyggð muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á gróður. Stofnunin gerir þó athugasemd við þá röskun á votlendi sem verður við framkvæmdina. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eru mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig má benda á að samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til 2020 um sjálfbæra þróun skal forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi og vinna að endurheimt votlendis þar sem slíkt er talið mögulegt. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar hefur verið mótuð sú stefna að endurheimta beri a.m.k. jafn mikið votlendi og raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir. Þó hér sé ekki um matsskylda framkvæmd að ræða telur Umhverfisstofnun að gera eigi ráð fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem raskast ef jarðvegi verði komið fyrir á votlendissvæðum. Það er hins vegar mat Umhverfisstofnunar að hlífa beri votlendi við Reyðarfjörð við frekara raski en nú þegar hefur orðið og að afmarka eigi svæði fyrir fyrir losun jarðvegs þannig að votlendi sé ekki innan þess.

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.:

„Haugsetningarsvæðið verður að öllum líkindum grætt upp með gróðri sem svipar til núverandi gróðurs. Áætlað er að byggja slíka uppgræðslu á ráðgjöf gróðursérfræðinga hjá Náttúrustofu Austurlands og í samráði við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar.“

Umhverfisstofnun telur að stefna beri að því að græða upp svæðið m.t.t. grenndargróðurs eftir því sem hægt er. Stofnunin telur jafnframt að gera eigi deiliskipulag fyrir haugsetningarsvæðið enda um mikið magn efnis að ræða og mikilvægt að fyrir liggi fullmótaðar hugmyndir um frágang svæðisins áður en framkvæmdir hefjast.

Umhverfisstofnun bendir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar áður en veitt er framkvæmdaleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun vistkerfa er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fuglalíf

Náttúrustofa Austurlands gerði athuganir á fuglum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði. Samkvæmt skýrslu um þær athuganir benda niðurstöður til þess að á athugunarsvæðinu sé fuglalíf að engu leyti sérstakt. Fuglalífið einkennist af hefðbundnum tegundum strandsvæðis og eru vaðfuglar, máfar, andfuglar og sjófuglar mest áberandi. Í skýrslunni er bent á svæði sem hafa mest gildi fyrir fuglalíf en í henni segir m.a.: *„Ýmis svæði og varpkjörlandi skera sig úr í þéttleika fugla. Má þar helst geta Hólmannna í landi Hólma, Hólmanesið og Hólmaborgir og klettabelti í fjalli ofan vegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, en þessi kjörsvæði eru að mestu utan við áhrifasvæði álvers. Þá laða tún og skurðir neðan vegar frá Framnesi út í Hólma ýmsa mófugla og endur að.“* Í Hólmunum er allstórt æðarvarp og þar er líklega eini varpstaður lunda í Reyðarfirði.

Með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð áhrif á fugla enda raski framkvæmdin ekki þeim svæðum sem hafa sérstöðu skv. úttekt Náttúrustofu Austurlands á fuglalífi.

Hreindýr

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.:

„Fyrirhugað haugsetningarsvæði fellur undir þynningarsvæði álvers og talið er að flutningur jarðvegs innan þess svæðis muni ekki hafa önnur áhrif á hreindýrin en áður var

áætlað.”

Í viðauka með skýrslu Náttúrustofu Austurlands, Fuglaathuganir í Reyðarfirði, vegna fyrirhugaðs álvers frá september 1999 segir m.a.:

„Síðan 1991 hafa yfirleitt 20-30 hreindýr gengið vetrarlangt í Reyðarfjarðarhreppi, aðallega frá kaupúninu og austur undir Hólmaháls og síðan upp á Svinadal.

Ljóst er að fyrirhugað álver mundi skerða vetrarbeutiland reyðfirskra hreindýra auk þess sem útblástur frá því, svo sem flúor, gæti hugsanlega haft skaðleg áhrif á þau.”

Ljóst er að með fyrirhugaðri losun jarðvegs í landi Hólma mun vetrarbeutiland hreindýra í Reyðarfirði skerðast frekar, en það svæði sem skerðist er innan þynningarsvæðis fyrirhugaðs álvers. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni valda umtalsverðum áhrifum á hreindýr.

Sjónræn áhrif

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að gert er ráð fyrir að yfirborðsjarðvegi af iðnaðarlóðinni verði komið fyrir á milli 4 meginlækja á haugsetningarsvæðinu. Þar segir m.a.:

„Landið kemur til með að verða nokkuð hæðótt þar sem efstu toppar gætu náð allt að 12 m yfir landið eins og það er nú. Til þess að ekki myndist stallar á jöðrum svæðanna og þar sem lækirnir renna verður efninu jafnað út til hliðanna og í átt að lækjunum. Viðeigandi útbúnaður verður settur upp meðfram bökkum lækjanna, ráðstafanir gegn landrofi gerðar og aðgerðir viðhafðar til rykbindingar.”

Umhverfisstofnun bendir á að vegna hæðar jarðvegsfyllinga yfir núverandi yfirborði lands mun fyrirhuguð losun jarðvegs hafa töluverð sjónræn áhrif. Hversu mikil sjónrænu áhrifin verða fer m.a. eftir endanlegri landmótun. Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar í tilkynningu framkvæmdaraðila. Myndir sem sýna ásýnd lands úr lofti utan úr firði, sbr. myndir 2.2. og 2.3 í tilkynningu um framkvæmdina, sýna t.d. ekki hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á útsýni og þar með upplifun íbúa Reyðarfjarðar og annarra sem um svæðið fara eða nýta það, s.s. frá friðlýsta svæðinu á Hólmanesi sem jafnframt er útivistarsvæði og frá vegi. Benda má á að gott útsýni er frá þjóðvegi yfir Hólmana og Reyðarfjörð og ljóst að losun jarðvegs mun skerða það en ekki er ljóst hversu mikil þau áhrif verða.

Umhverfisstofnun bendir á að almenningi gefst ekki kostur á að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við umfjöllun um matsskyldu framkvæmda. Stofnunin telur eðlilegt að hafi verði samráð við íbúa í Reyðarfirði um landmótun á haugsetningarsvæðinu.

Náttúruverndarsvæði


Austan við framkvæmdasvæðið er friðlýst svæði, þ.e. fólkvangur og friðland á Hólmanesi (sbr. auglýsing nr. 393/1973 um fólkvang og friðland á Hólmanesi). Framkvæmdin liggur utan friðlýsta svæðisins en með losun jarðvegs í landi Hólma færast það svæði sem raskast vegna álversframkvæmda nær friðlandsmörkum.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á gróður eða dýralíf. Stofnunin telur að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Jafnframt telur stofnunin að afmarka beri framkvæmdasvæðið þannig að framkvæmdir raski ekki votlendi.

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 37. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst,


Sigrós Friðriksdóttir


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs